

## Ágrip

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed. –prófs við Háskóla Íslands, leikskólakennarafræði. Er hún unnin samhliða sögunni *Afi Öddi og sögugersemanar*. Í ritgerðinni er fjallað um grenndarkennslu og þjóðsögur. Rannsóknarspurningin sem gengið er út frá er: Hvernig er hægt að nýta grenndarkennslu til að kenna elstu börnum leikskóla þjóðsögur sem tengjast þeirra heimabyggð og fræða þau um fyrirbærið þjóðsögur?

Fræðileg umfjöllun hefst í 2. kafla. Hann þjónar þeim tilgangi að kynna hugtakið grenndarkennsla, út á hvað hún gengur, hvaðan hún kemur og kosti þess að nota grenndarkennslu með börnum. Í 3. kafla er skýrt frá hugtakinu þjóðsaga, hvað hún er, hvaðan hún kemur og kosti þess að læra þjóðsögur. 4. kafla er tengdur við söguna *Afi Öddi og sögugersemanar*, sem búin var til sem námsefni samhliða þessari greinargerð. Þar eru hugmyndir að þemavinnu fyrir börn á aldrinum 5-6 ára sem tengist sögunni.